



## Fundur í skólaráði 14. nóvember 2018

**Mættir:** Rannveig Andrésdóttir skólastjóri, Ellen Gísladóttir aðstoðarskólastjóri, Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Sigrún Árnadóttir fulltrúi starfsmanna, Hanna Sóley Helgadóttir Skólaseli, Edda Júlía Helgadóttir kennari. Fulltrúar foreldra, Árný Þórarinsdóttir, Helga Guðrún Snjólfisdóttir og Helga Tryggvadóttir. Fulltrúar nemenda Ásrún Inga Arnarsdóttir og Skúli Sturla Helgason.

### **Dagskrá:**

#### **Lesfimi og samræmd próf:**

Lesfimi próf kynnt. Prófið lagt fyrir þrisvar sinnum á ári. Niðurstöðurnar nýttar til að fylgjast með framvindu á lestrarferli nemenda.

Niðurstöður samræmdra prófa komnar í hús. Verið að rýna niðurstöðurnar.

#### **Heimasíða skólans:**

Unnið er að nýrri heimasíðu skólans sem er væntanlega tilbúin í næsta mánuði. Myndir á nýrri heimasíðu verða læstar.

#### **Skólapeysur:**

Nemendafélagið FUÁ hefur verið að vinna að því að breyta skólapeysum skólans.

#### **Skólamyndir:**

Foreldrar óánægðir með myndirnar sem teknar eru af nemendum að hausti. leggja til að athuga með að skipta um ljósmyndara.

#### **Skólalóð:**

Í næstu viku 19. nóvember verður fundur á Skóla- og frístundasviði vegna hönnunar á nýrri skólalóð Ártúnsskóla.

#### **Önnur mál**

Bent á að það vantar perur í ljósastæði á skólalóðinni. Búið að láta vita hjá Veitum.

Spurt hvort samræming sé á heimavinnu nemenda í skólanum. Heimavinna er samræmd með áherslu á lestur og hóflega vinnu sem tengist beint vinnu nemenda í skólanum. Spurt um skólasund, hvort möguleiki sé að barn sem æfir sund geti sleppt skólasundi. Nemendur spurðu hvort möguleiki væri á að taka aftur upp pakkaleik á stofujólunum.

Ritari

Ellen Gísladóttir